

**REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) nr. 1312/2014****2016/EES/18/39**

frá 10. desember 2014

**um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 1089/2010 um framkvæmd tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2007/2/EB að því er varðar rekstrarsamhæfi landgagnaþjónustu (\*)**

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2007/2/EB frá 14. mars 2007 um að koma á grunngerð fyrir landupplýsingar í Evrópubandalaginu (INSPIRE) <sup>(1)</sup>, einkum 1. mgr. 7. gr.,*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

- 1) Í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1089/2010 <sup>(2)</sup> er eingöngu sett fram tæknilegt fyrirkomulag rekstrarsamhæfis landgagnasafna.
- 2) Rekstrarsamhæfi landgagnaþjónustna einkennist af getu þeirra til að miðla gögnum, keyra þau og flytja sín á milli. Því er þörf fyrir frekari skráningu landgagnaþjónustna með viðbótarlýsigögnum. Rekstrarsamhæfið varðar einnig, þó í minna mæli, samræmingu á innihaldi þjónustunnar ólíkt framkvæmdarreglunum fyrir landgagnasöfn.
- 3) Í tengslum við þróun þeirra framkvæmdarreglna sem mælt var fyrir um í tilskipun 2007/2/EB var áherslan fyrst sett á grunnþjónusturnar, þ.e. netþjónusturnar, með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 976/2009 <sup>(3)</sup> og á rekstrarsamhæfi landgagnasafna í reglugerð (ESB) nr. 1089/2010. Því ber nú að breyta reglugerð (ESB) nr. 1089/2010 þannig að hún feli í sér framkvæmdarreglurnar fyrir landgagnaþjónusturnar.
- 4) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit nefndarinnar sem komið var á fót með 22. gr. tilskipunar 2007/2/EB.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

*1. gr.*

Reglugerð (ESB) nr. 1089/2010 er breytt sem hér segir:

- 1) Í stað 1. gr. komi eftirfarandi:

*„1. gr.***Efni og gildissvið**

1. Í þessari reglugerð eru settar fram kröfur um tæknilegt fyrirkomulag rekstrarsamhæfis og, þegar slíkt er gerlegt, samræmingar landgagnasafna og landgagnaþjónustu sem samsvara þemunum sem talin eru upp í I., II. og III. viðauka við tilskipun 2007/2/EB.
2. Þessi reglugerð gildir ekki um netþjónusturnar sem falla undir gildissvið reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 976/2009<sup>(\*)</sup>.“

(\*) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 976/2009 frá 19. október 2009 um framkvæmd tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2007/2/EB að því er varðar netþjónustu (Stjtið. ESB L 274, 20.10.2009, bls. 9).

(\*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 354, 11.12.2014, bls. 8. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 30/2016 frá 5. febrúar 2016 um breytingu á XX. viðauka (Umhverfismál) við EES-samninginn, biður birtingar.

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 108, 25.4.2007, bls. 1.

<sup>(2)</sup> Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1089/2010 frá 23. nóvember 2010 um framkvæmd tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2007/2/EB að því er varðar rekstrarsamhæfi landgagnasafna og -þjónustu (Stjtið. ESB L 323, 8.12.2010, bls. 11).

<sup>(3)</sup> Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 976/2009 frá 19. október 2009 um framkvæmd tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2007/2/EB að því er varðar netþjónustu (Stjtið. ESB L 274, 20.10.2009, bls. 9).

2) Eftirfarandi 31. til 38. liður bætist við 2. gr.:

- „31. „endapunktur“ (e. *end point*): veffangið sem notað er til að hafa beint samband við aðgerð á vegum landgagnaþjónustu,
32. „aðgangspunktur“ (e. *access point*): veffang sem inniheldur nákvæma lýsingu á landgagnaþjónustu, þ.m.t. skrá yfir endapunkta sem gera kleift að keyra hana,
33. „virkjanleg landgagnaþjónusta“ (e. *invocable spatial data service*): allt eftirfarandi:
- landgagnaþjónusta með lýsigögn sem uppfylla kröfurnar í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1205/2008(\*),
  - landgagnaþjónusta með a.m.k. einni staðsetningu tilfangs sem er aðgangspunktur,
  - landgagnaþjónusta í samræmi við tækniforskriftir sem eru skráðar og aðgengilegar öllum og veita nauðsynlegar upplýsingar varðandi keyrslu hennar,
34. „rekstrarsamhæfð landgagnaþjónusta“ (e. *interoperable spatial data service*): virkjanleg landgagnaþjónusta sem uppfyllir kröfurnar í VI. viðauka,
35. „samræmd landgagnaþjónusta“ (e. *harmonised spatial data service*): rekstrarsamhæfð landgagnaþjónusta sem uppfyllir kröfurnar í VII. viðauka,
36. „landgagnasafn í samræmi við kröfur“ (e. *conformant spatial data set*): landgagnasafn sem uppfyllir kröfurnar í þessari reglugerð,
37. „aðgerð“ (e. *operation*): aðgerð sem landgagnaþjónusta styður,
38. „viðmót“ (e. *interface*): röð nefndra aðgerða sem einkenna hegðun einindis eins og skilgreint er í ISO-staðli 19119:2005.

(\* ) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 976/2009 frá 19. október 2009 um framkvæmd tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2007/2/EB að því er varðar netþjónustu (Stjtið. ESB L 274, 20.10.2009, bls. 9).“

3) Ákvæðum 6. gr. er breytt sem hér segir:

- a) Í stað fyrirsagnarinnar komi eftirfarandi:

**„Kóðaskrár og tilvikalistar fyrir landgagnasöfn“**

- b) Í stað inngangsmálsliðar í 1. mgr. komi eftirfarandi:

„Kóðaskrár skulu vera ein af eftirfarandi tegundum, eins og tilgreint er í I. til IV. viðauka.“

4) Eftirfarandi 3. mgr. bætist við 8. gr.:

„3. Gagnauppfærslurnar skulu gerðar aðgengilegar öllum tengdum landgagnaþjónustum í samræmi við frestinn sem tilgreindur er í 2. mgr.“

5) Eftirfarandi greinar bætist við á eftir 14. gr.:

„14. gr. a

**Kröfur vegna virkjanlegra landgagnaþjónustna**

Aðildarríki skulu leggja fram lýsigögn virkjanlegru landgagnaþjónustnanna eigi síðar en 10. desember 2015 í samræmi við kröfurnar sem settar eru fram í V. viðauka.

14. gr. b

**Fyrirkomulag rekstrarsamhæfis og samræmingarkröfur vegna virkjanlegra landgagnaþjónustna**

Virkjanlegu landgagnaþjónusturnar sem varða gögn sem eru hluti af a.m.k. einu landgagnasafni í samræmi við kröfur skal uppfylla kröfurnar um rekstrarsamhæfi sem settar eru fram í V. og VI. viðauka og, þegar slíkt er gerlegt, kröfurnar um samræmi sem settar eru fram í VII. viðauka.“

- 6) Við bætist V. viðauki, eins og hann er settur fram í I. viðauka við þessa reglugerð.
- 7) Við bætist VI. viðauki, eins og hann er settur fram í II. viðauka við þessa reglugerð.
- 8) Við bætist VII. viðauki, eins og hann er settur fram í III. viðauka við þessa reglugerð.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 10. desember 2014.

*Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,*

Jean-Claude JUNCKER

*forseti.*

---

*I. VIÐAUKI**„V. VIÐAUKI***FRAMKVÆMDARREGLUR VEGNA VIRKJANLEGRA LANDGAGNAÞJÓNUSTNA**

## A-HLUTI

**Regla við ritun**

Líkt og í reglugerð (EB) nr. 1205/2008 eru eftirfarandi reglur við ritun notaðar fyrir lýsigögn landgagnaþjónustunnar.

Ef það er tekið fram í lýsingunni á lýsigagnastökunum skulu gildaóðölin notuð með margfeldninni sem gefin er upp í viðeigandi töflum. Hvert gildi á tilteknu sviði er skilgreint með:

- tölulegu kennimerki,
- heiti í formi texta fyrir mennska notendur, sem hægt er að þýða á ólík tungumál Bandalagsins,
- mállega hlutlausu heiti fyrir tölvur (gildinu sem gefið er upp innan sviga),
- valkvæðri lýsingu eða skilgreiningu.

Í töflunni koma fram eftirfarandi upplýsingar:

- í fyrsta dálkinum er tilvísun til málsgreinarinnar í viðaukanum sem skilgreinir lýsigagnastakið eða hóp lýsigagnastakanna,
- í öðrum dálkinum er heiti lýsigagnastaksins eða hóps lýsigagnastakanna,
- í þriðja dálkinum er margfeldni lýsigagnastaks tilgreind. Margfeldnin er látin í ljós samkvæmt tákun UML-skilgreiningarmálsins fyrir margfeldni, þar sem:
  - N merkir að þetta lýsigagnastak skuli aðeins koma N sinnum fyrir í mengi niðurstaðna,
  - 1..\* merkir að þetta lýsigagnastak skuli koma fyrir a.m.k. einu sinni í mengi niðurstaðna,
  - 0..1 gefur til kynna að lýsigagnastak megi vera fyrir hendi í mengi niðurstaðna að uppfylltum skilyrðum en megi aðeins koma fyrir einu sinni,
  - 0..\* gefur til kynna að lýsigagnastak megi vera fyrir hendi í mengi niðurstaðna að uppfylltum skilyrðum en megi koma fyrir einu sinni eða oftar,
  - þegar margfeldnin er 0..1 eða 0..\* fer það eftir skilyrðinu hvort lýsigagnastökin eru skyldubundin.
- Í fjórða dálkinum er skilyrt setning ef margfeldni staksins gildir ekki um allar tegundir tilfanga. Við aðrar aðstæður eru öll stök skyldubundin.

## B-HLUTI

**Lýsigagnastakið „flokkur“**

## 1. Flokkur

Þetta er vísun í stöðu landgagnaþjónustunnar að því er varðar virkjanleika.

Gildaóðal þessa lýsigagnastaks er sem hér segir:

## 1.1. Virkjanleg (invocable)

Landgagnaþjónustan er virkjanleg landgagnaþjónusta.

## 1.2. Rekstrarsamhæfð (interoperable)

Virkjanlega landgagnaþjónustan er rekstrarsamhæfð landgagnaþjónusta.

## 1.3. Samræmd (harmonised)

Rekstrarsamhæfða landgagnaþjónustan er samræmd landgagnaþjónusta.

## C-HLUTI

**Leiðbeiningar um margfeldni og skilyrði lýsigagnastakanna**

Nýju lýsigögnin sem lýsa landgagnaþjónustunni skulu samanstanda af þeim lýsigagnastökum, eða hópum lýsigagnastaka, sem eru skráð í töflu 1.

Þessi lýsigagnastök, eða hópar lýsigagnastaka, skulu samrýmast þeirri margfeldni sem vænst er og þeim tengdu skilyrðum sem sett eru fram í töflu 1.

Þegar ekkert skilyrði er tilgreint í tengslum við tiltekið lýsigagnastak er það stak skyldubundið.

*Tafla 1***Lýsigögn fyrir virkjanlegar landgagnaþjónustur**

Tilvísun	Ný lýsigagnastök	Margfeldni	Skilyrði
1	Flokkur	0..1	skyldubundið fyrir virkjanlega landgagnaþjónustu

## D-HLUTI

**Viðbótarkröfur fyrir lýsigögn sem settar eru fram í reglugerð (EB) nr. 1205/2008**

## 1. Staðsetning tilfangs

Lýsigagnastakið „staðsetning tilfangs“, sem sett er fram í reglugerð (EB) nr. 1205/2008, skal einnig innihalda alla aðgangspunkta frá veitanda landgagnaþjónustunnar og þessir aðgangspunktar skulu vera auðkenndir sem slíkir með ótvíræðum hætti.

## 2. Forskrift

Lýsigagnastakið „forskrift“, sem sett er fram í reglugerð (EB) nr. 1205/2008, skal einnig vísa til tækniforskrifta, eða innihalda þær (s.s., en þó ekki eingöngu, INSPIRE-tæknileiðbeiningaskjal), sem virkjanlega landgagnaþjónustan er í fullu samræmi við og sem veita öll nauðsynleg stök (læsileg mönnum, og ef við á, tölvulesanleg) til að unnt sé að virkja hana.“

*II. VIÐAUKI**„VI. VIÐAUKI***FRAMKVÆMDARREGLUR VEGNA REKSTRARSAMHÆFIS VIRKJANLEGRA  
LANDGAGNAÞJÓNUSTNA****A-HLUTI****Viðbótarkröfur fyrir lýsigögn sem settar eru fram í reglugerð (EB) nr. 1205/2008**

1. Skilyrði sem gilda um aðgang og notkun

Tæknilegu takmarkanirnar sem gilda um aðgang og notkun landgagnaþjónustunnar skal skrá í lýsigagnastakinu „HÖMLUR SEM VARÐA AÐGANG OG NOTKUN“ sem sett er fram í reglugerð (EB) nr. 1205/2008.

2. Ábyrgur aðili

Ábyrgi aðilinn, sem um getur í reglugerð (EB) nr. 1205/2008, skal a.m.k. lýsa stofnuninni sem ber ábyrgð á vörslu, sem samsvarar hlutverki vörsluábyrgðaraðila sem sett er fram í reglugerð (EB) nr. 1205/2008.

**B-HLUTI****Lýsigagnastök**

3. Kennimerki viðmiðunarhnitakerfa

Eftir því sem við á er þetta skrá yfir viðmiðunarhnitakerfi sem landgagnaþjónustan styður.

Hvert viðmiðunarhnitakerfi sem stutt er skal gefið upp með því að nota kennimerki.

4. Gæði þjónustu

Lágmarksgæði þjónustu samkvæmt mati aðilans sem er ábyrgur fyrir landgagnaþjónustunni og sem vænst er að sé í gildi á tilteknu tímabili.

- 4.1. Viðmiðanir

Viðmiðanirnar sem mælingarnar vísa til.

Gildaóðal þessa lýsigagnastaks er sem hér segir:

- 4.1.1. Tiltækileiki (availability)

Lýsir hlutfalli þess tíma sem þjónustan er aðgengileg.

- 4.1.2. Afköst (performance)

Lýsir hversu hratt er hægt að afgreiða beiðni til landgagnaþjónustunnar.

- 4.1.3. Afkastageta (capacity)

Lýsir hámarksfjölda beiðna sem er sinnt samtímis sem hægt er að ljúka með tilgreindum afköstum.

- 4.2. Mæling

- 4.2.1. Lýsing

Lýsir mælingunni fyrir hverja viðmiðun.

Gildaóðal þessa lýsigagnastaks er óbundinn texti.

## 4.2.2. Gildi (value)

Lýsir gildi mælingarinnar fyrir hverja viðmiðun.

Gildaóðal þessa lýsigagnastaks er óbundinn texti.

## 4.2.3. Eining (unit)

Lýsir einingu mælingarinnar fyrir hverja viðmiðun.

Gildaóðal þessa lýsigagnastaks er óbundinn texti.

## C-HLUTI

**Leiðbeiningar um margfeldni og skilyrði lýsigagnastakanna**

Lýsigögnin sem lýsa rekstrarsamhæfðri landgagnaþjónustu skulu samanstanda af þeim lýsigagnastökunum, eða hópum lýsigagnastaka, sem eru skráð í töflu 1.

Þessi lýsigagnastök, eða hópar lýsigagnastaka, skulu samrýmast þeirri margfeldni sem vænst er og þeim tengdu skilyrðum sem sett eru fram í töflu 1.

Þegar ekkert skilyrði er tilgreint í tengslum við tiltekið lýsigagnastak er það stak skyldubundið.

*Tafla 1***Lýsigögn fyrir rekstrarsamhæðar landgagnaþjónustur**

Tilvísun	Ný lýsigagnastök	Margfeldni	Skilyrði
1	Kennimerki viðmiðunarhnitakerfa	1..*	skyldubundið ef við á
2	Gæði þjónustu	3..* <sup>cc</sup>	

*III. VIÐAUKI**„VII. VIÐAUKI***FRAMKVÆMDARREGLUR VEGNA SAMRÆMINGAR REKSTRARSAMHÆFDRA  
LANDGAGNAÞJÓNUSTNA****A-HLUTI****Eiginleikar**

## 1. Gæði þjónustu

Samræmd landgagnaþjónusta skal vera tiltæk 98% af tímanum.

## 2. Kóðun á frálagi

Samræmd landgagnaþjónusta sem skilar landhlutum, innan gildissviðs tilskipunar 2007/2/EB, skal kóða þessa landhluta samkvæmt þessari reglugerð.

**B-HLUTI****Lýsigagnastök**

## 3. Lýsigagnið „virkjun“

Lýsigagnið „virkjun“ skjalfestir viðmót samræmdu landgagnaþjónustunnar og skráir endapunktana til að samskipti milli véla geti farið fram.

**C-HLUTI****Leiðbeiningar um margfeldni og skilyrði lýsigagnastakanna**

Lýsigögn samræmdu landgagnaþjónustunnar skulu samanstanda af því lýsigagnastaki eða þeim hópi lýsigagnastaka sem eru skráð í töflu 1.

Þetta lýsigagnastak, eða hópar lýsigagnastaka, skulu samrýmast þeirri margfeldni sem vænst er og þeim tengdu skilyrðum sem sett eru fram í töflu 1.

Þegar ekkert skilyrði er tilgreint í tengslum við tiltekið lýsigagnastak er það stak skyldubundið.

*Tafla 1***Lýsigögn fyrir samræmda landgagnaþjónustu**

Tilvísun	Ný lýsigagnastök	Margfeldni	Skilyrði
1	Lýsigagnið „virkjun“	1..*	

**D-HLUTI****Aðgerðir**

## 1. Skrá yfir aðgerðir

Samræmd landgagnaþjónusta skal veita þær aðgerðir sem taldar eru upp í töflu 2.



Tafla 2

## Aðgerðir fyrir samræmdar landgagnaþjónustur

Aðgerð	Hlutverk
Sækja lýsigögn samræmdrar landgagnaþjónustu	Veitir allar nauðsynlegar upplýsingar um þjónustuna og lýsir þjónustugetunni

## 2. Aðgerðin „sækja lýsigögn samræmdrar landgagnaþjónustu“

## 2.1. Beiðnin „sækja lýsigögn samræmdrar landgagnaþjónustu“

## 2.1.1. Stíkar beiðinnar „sækja lýsigögn samræmdrar landgagnaþjónustu“

Stíki beiðinnar „sækja lýsigögn samræmdrar landgagnaþjónustu“ gefur til kynna náttúrulegt tungumál sem notað er til að tjá efni svarsins við „sækja lýsigögn samræmdrar landgagnaþjónustu“

## 2.2. Svar við „sækja lýsigögn samræmdrar landgagnaþjónustu“

Í svarinu við „sækja lýsigögn samræmdrar landgagnaþjónustu“ skulu eftirfarandi stíkar koma fram:

- lýsigögn samræmdrar landgagnaþjónustu,
- lýsigögn aðgerða,
- tungumál.

## 2.2.1. Stíkar fyrir lýsigögn samræmdrar landgagnaþjónustu

Stíkar fyrir lýsigögn samræmdrar landgagnaþjónustu skulu a.m.k. ná yfir INSPIRE-lýsigagnastök samræmdru landgagnaþjónustunnar sem sett eru fram í þessari reglugerð og í reglugerð (EB) nr. 1205/2008.

## 2.2.2. Stíkar fyrir lýsigögn aðgerða

Stíkin fyrir lýsigögn aðgerða veitir lýsigögn um aðgerðir samræmdru landgagnaþjónustunnar. Hann skal a.m.k. lýsa hverri aðgerð, en í því felst a.m.k. lýsing á gögnunum sem skipst er á ásamt netnúmerinu.

## 2.2.3. Tungumálastíki

Gefa skal upp tvo stíka fyrir tungumál:

- stíkan „svartungumál“, sem gefur til kynna náttúrulega tungumálið sem notað er í stíkunum fyrir svarið við „sækja lýsigögn samræmdrar landgagnaþjónustu“,
- stíkan „studd tungumál“, sem inniheldur skrána yfir þau náttúrulegu tungumál sem samræmda landgagnaþjónustan styður.